

Fréttabréf



Desember 2016 - Iðnaðarmannafélagið í Reykjavík - Stofnað 3. febrúar 1867 - Desember 2016

Þann 3. febrúar 1867, fyrir 150 árum, stofnaði 31 iðnaðarmaður Handverksiðnaðarmannafélagið í Reykjavík. Um sex árum síðar var félagið nefnt Iðnaðarmannafélagið í Reykjavík.

Iðnaðarmannafélagið í Reykjavík er hið þriðja elsta sem nú hefur starfað óslitið á Íslandi. Tilgangur félagsins er og hefur frá upphafi verið að efla menntun og menningu iðnaðarmanna og styrkja stofnanir sem starfa í þeirra þágu. Saga félagsins hefur verið tengd sögu iðnaðar á Íslandi órofa böndum í 150 ár.

Félagið var frumkvöðull í löggildingu iðngreina. Það stóð fyrir stofnun Iðnskólans í Reykjavík, fyrir fyrstu iðnsýningunni hérlandis og var virkur þátttakandi í stofnun Iðnaðarbanka Íslands svo fátt eitt sé talið.

Á þessum tímamótum hefur Iðnaðarmannafélagið ákveðið að minna á sögu sína og fortið með því að standa fyrir hönnun og kosta lýsingu á stytta Ingólfs Arnarsonar á Arnarhóli. Styttan var gjöf félagsins til þjóðarinnar árið 1924.

Á 100 ára afmæli félagsins var gefin út Saga Iðnaðarmannafélagsins. Á þessum tímamótum gefum við út heimildarmynd þar sem sögð er 150 ára saga félagsins. Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið og Samtök iðnaðarins veittu fjárhagslegan styrk til verkefnisins.

Þann 16. febrúar mun Pósturinn gefa út frímerki í tilefni afmælisins. Borgar H. Árnason, grafískur hönnuður, hannar frímerkið og fyrstadags umslag.

Í ágúst síðastliðinn varð Reykjavíkurborg 230 ára. Borgin var aðeins 80 ára þegar félagið okkar var stofnað. Því er saga borgarinnar og saga félagsins samofin til þessa dags.

Nýsveinahátíð er stærsti árlegi viðburðurinn á vegum Iðnaðarmannafélagsins og hefur svo verið um tíu ára skeið. Þá komum við saman í Ráðhúsi Reykjavíkur til

heiðurs og viðurkenningar um það bil 20 nýsveina sem sýnt hafa afburðaárangur í námi og á sveinsprófi. Forseti Íslands er verndari hátíðarinnar og jafnan mæta ráðherrar iðnaðar- og menntamála til leiks auk borgarstjóra og fjölda gesta. Nýsveinahátíðin er í raun „uppskeruhátíð“ iðnaðarmanna og iðnaðar. Þá bætist í okkar hóp fjöldi afburðafólks sem mun bera upp merki iðnaðar og handverks um langa framtíð.

Ágætu félagar. Framundan er upphaf afmælisársins.

Þann 3. febrúar munum við fagna 150 ára afmælinu með því kveikja á lýsingu á stytta Ingólfs Arnarsonar við hátíðlega athöfn á Arnarhóli kl. 17:00. Við óskum þess að allir félagsmenn mæti og þiggi veitingar að athöfn lokinni í Ráðhúsi Reykjavíkur í boði borgarstjóra.

Þann 2. febrúar verður fundur með fulltrúum norrænu systurfélaganna og öðrum gestum Iðnaðarmannafélagsins. Að fundi loknum er heimsókn í listasafn Einars Jónssonar.

Þann 4. febrúar verður ellefta nýsveinahátíðin haldin kl. 14:00 í Ráðhúsi Reykjavíkur.

Að kvöldi 4. febrúar er hátíðarkvöldverður kl. 19:00 á Hótel Nordica með öllum félögum Iðnaðarmannafélagsins og öðrum velunnurum þess.

Fyrir hönd félagsins býð ég ykkur, kæru félagsmenn, til 150 ára fagnaðar og óska þess að við gerum dagana ógleymanlega í minningu genginna iðnaðarmanna og til hvatningar iðnaðarmönnum dagsins og framtíðarinnar.

Valbjörg Elsa Haraldsdóttir



Fréttir af félagsstarfinu



Nýsveinahátíð

Í tíu ár hefur Iðnaðarmannafélagið í Reykjavík staðið fyrir nýsveinahátíð í Tjarnarsal Ráðhúss Reykjavíkur. Á hátíðinni eru nýsveinum í löggiltum iðngreinum veittar viðurkenningar fyrir afburðaárangur í sinni iðngrein á sveinsprófi. Tilgangurinn með hátíðinni er að vekja athygli á mikilvægi handverksins og nauðsyn þess að viðhalda góðri verkmenntun landinu til heilla.

Hátíðin er einn af hornsteinunum í starfi félagsins og er mikil áhersla lögð á að umgjörðin sé sem glæsilegust. Ávörp flytja borgarstjóri, mennta- og menningarmálaráðherra, iðnaðarráðherra ásamt Forseta Íslands sem jafnframt er verndari hátíðarinnar.

Heiðursiðnaðarmaður

Í tengslum við nýsveinahátíðina er tilkynnt um heiðursiðnaðarmann ársins. Þessir iðnaðarmenn hafa verið útnefndir sem heiðursiðnaðarmenn félagsins síðustu átta árin.

2016 Hjalti Einarsson, vélvirki

2015 Össur Kristjánsson, stoðtækjafraeðingur

2014 Eggert Jóhannsson, feldsker

2013 Eyjólfur Pálsson, húsgagnsmiður

2012 Ragnar Axelsson, ljósmyndari

2011 Dóra Guðbjört Jónsdóttir, gullsmiður

2010 Björgvin Tómasson, orgelsmiður

2009 Óðinn G. Gunnarsson, járnsmiður



Norrænt samstarf

Á öllum Norðurlöndunum, Þýskalandi, Englandi og víðar eru systurfélög Iðnaðarmannafélagsins. Mikil samvinna er við þessi félög og á hverju ári eru haldnir sameiginlegir fundir Norðurlandabjóðanna. Á þessu ári var ársfundurinn í Svíþjóð og var þar meðal annars rætt um innflytjendur og iðnmenntun þeirra og almennt um leiðir til að hvetja ungt fólk til iðnmenntunar. Næsti ársfundur verður haldinn hér í Reykjavík 2017 í tengslum við afmælið.

Félagsfundir

Tilgangur félagsins er að efla menningu og menntun iðnaðarmanna og styrkja stofnanir sem starfa í þeirra þágu. Til að fylgja eftir þessum tilgangi félagsins eru á félagsfundum tekin fyrir mál sem snerta iðnaðarmenn og iðnfélög og reynt að hafa áhrif á framgang mála í samræmi við tilgang félagsins. Félagsfundirnir eru haldnir í baðstofu félagsins í gamla Iðnskólahúsinu við Lækjargötu. Einnig stendur félagið fyrir kynningarfundum og ferðalögum fyrir félagsmenn og hádegisverðarfundir á aðventunni þar sem nýir félagar eru teknir inn með viðhöfn.



Heimildarmynd

Vegna afmælisins ákvað stjórn Iðnaðarmannafélagsins að láta gera heimildarmynd um félagið. Þegar félagið varð hundrað ára var saga félagsins skrifuð og þótti því ástæða til að skrásetja þessa merku sögu á stafrænu formi. Í svona langri og merkilegri sögu verður að stiklað á stóru en reynt að draga fram það markverðasta. Helstu þættir verða: Forsagan, hvers vegna félagið var stofnað, áhrif félagsins á félagslíf Reykvíkinga með byggingu IÐNÓ, menntasagan, aðkoma félagsins að stofnun Sparisjóðs Reykjavíkur og Iðnaðarbankans og aðkoma félagsins að löggjöf og reglugerðum um iðnám. Upplýsingar um góðar myndir frá starfi félagsins eru vel þegnar.



Frímerki

Pósturinn mun í tilefni af 150 ára afmælinu gefa út frímerki og fyrstadagsumslag þann 16. febrúar 2017. Hönnuður frímerkisins og umslagsins er Borgar H. Árnason, grafískur hönnuður.

Húsnæði félagsins

Í nokkur ár hefur félagið haft skrifstofuaðstöðu í Súðarvogi. Nú stendur fyrir dyrum mikil breyting og uppbygging á því svæði þannig að félagið mun væntanlega selja sína eign þar. Félagið hefur líka aðstöðu í Baðstofu iðnaðarmanna í gamla Iðnskólanum við Lækjargötu. Ekki er vitað hvernig leyst verður úr húsnæðisþörfinni en sagt verður frá því síðar.

Stefnumótun IMFR

Á síðasta ári stóð IMFR fyrir stefnumótunarfundi undir stjórn Davíðs Lúðvíkssonar hjá Samtökum iðnaðarins. Þverskurður af félögum í IMFR tók þátt í þessari stefnumótun. Margar athyglisverðar hugmyndir komu fram um hvernig félagið gæti beitt sér í þágu iðnaðar og iðnaðarmanna og átt erindi við samféagið næstu 150 árin. Stjórnin mun vinna áfram með þessar þessar hugmyndir.



Stjórn IMFR

Valbjörg Elsa Haraldsdóttir
hársnyrtímeistari - har@har.is

Guðmundur Páll Ólafsson
pípulagningameistari - guðmundurpipari@simnet.is

Hjörtur Guðnason
grafískur miðlari - hjortur@isafold.is

Lilja Sæmundsdóttir
hársnyrtímeistari - liljaks@gmail.com

Katrín Þorkelsdóttir
snyrtifræðimeistari - katrín@guinot.is



Dagskrá í tilefni af 150 ára afmælinu

Miðvikudagur 1. febrúar

Norrænir gestir koma til landsins.

Fimmtudagur 2. febrúar

10:00 - 16:00 Norrænn fundur í fundarsal Kvika í Borgartúni 35

10:00 - 14:00 Dagskrá fyrir erlenda maka - Ferð í Þjóðminjasafnið

17:00 - 19:00 Móttaka í Listasafni Einarssonar

Föstudagur 3. febrúar


17:00 Félagar IMFR koma saman á Arnarhóli - Tendruð verður lýsing á stytta Ingólfs Arnarsonar að viðstöddum forsætisráðherra, borgarstjóra og öðrum gestum. Hönnun og lýsing eru gjöf frá félaginu.

17.30 Borgarstjóri Reykjavíkur, Dagur B. Eggertsson, býður til móttöku í Ráðhúsi Reykjavíkur.

Laugardagur 4. febrúar

14:00 Nýsveinahátíð IMFR í Ráðhúsi Reykjavíkur haldin í ellefta sinn.

19:00 Hátíðarkvöldverður á Hilton Reykjavík Nordica.



Afmæliskvöldverður

Félagsmönnum í Iðnaðarmannafélaginu í Reykjavík gefst kostur á að kaupa sér miða á hátíðarkvöldverðinn sem verður laugardaginn 4. febrúar 2017 á Hótel Nordica. Í boði er fjögurra rétta matseðill sem er settur saman af félagsmönnum í IMFR. Verð fyrir félagsmenn er niðurgreitt og er 15.000 krónur. Borðapöntun skal senda á netfangið 150@imfr.is eða á Maríu Hallbjörnsdóttur í Húsi atvinnulífsins í síma 591 0032 eða á Trausta Víglundsson í síma 860 7773.

Hátíðarmatseðill



Léttreyktar bleikjuflögur,
sólseljufroða gúrku- og spergilsalat

Lambarifjar og tunga, madeirsósa og garðávextir

Blandaðir íslenskir ostar

Hvítt og dökkt súkkulaði með lakkrís

Borðvín eru innifalin.



Skipulag og umsjón með hátíðarkvöldverðinum er í höndum Baldurs Sæmundssonar, Trausta Víglundssonar og Ragnars Wessman.

GLEÐILEGT NÝTT AFMÆLISÁR